

Til: Nefndasviðs Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 REYKJAVÍK


Frá: Greiningardeild Landsbankans

Efni: Frumvarp til laga um tekjuskatt, 15. mál, sérstakur viðbótarpersónuafsláttur

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt sé við sérstökum persónuafslætti sem verði tekjutengdur, þannig að skattleysismörk hækki úr um það bil 90 þúsund krónum í 150 þúsund krónur á mánuði. Sérstakur persónuafsláttur verði tekjutengdur þannig að hann lækki línulega og falli niður við 250 þúsund króna mánaðarlaun. Þetta þýðir að skattbyrði lækkar hjá þeim sem hafa tekjur á bilinu 90 þúsund krónur á mánuði og allt að 250 þúsund krónur. Mest er lækkunin hjá þeim sem hafa 150 þúsund krónur í mánaðarlaun.



Mynd 1: Skattbyrði

Tekjutengingin í frumvarpinu veldur því að jaðarskattur, þ.e. skatthlutfall af viðbótartekjum, verður í þremur þrepum í stað tveggja nú. Samkvæmt gildandi lögum greiðist ekki skattur af tekjum upp að um það bil 90 þúsund krónum á mánuði, en staðgreiðsluskattur á tekjur umfram það er 35,72%. Tillagan í frumvarpinu jafngildir því að tekjur upp að 150 þúsund krónum á mánuði verði skattfrjálsar, af næstu 100 þúsund krónum (þ.e. frá 150 þúsund krónum á mánuði og allt að 250 þúsund krónum á mánuði) greiðist 57,15% skattur, en af tekjum umfram 250 þúsund lækkar skatthlutfallið í 35,72%.



Mynd 2: Jaðarskattur

Þetta háa skattþrep, sem stafar af tekjutengingu sérstaks persónuafsláttar, hefur neikvæð áhrif á vinnuframboð á tekjubílinu 150 til 250 þúsund krónur á mánuði. Tökum dæmi um launþega sem stendur til boða að auka tekjur sínar með yfirvinnu sem greiðir 1500 krónur á tímann. Þeir sem eru undir skattleysismörkum (undir 90 þúsund krónum á mánuði) eru nú 6 klst. og 40 mínútur að auka ráðstöfunartekjur sínar um 10 þúsund krónur (ef ekki er reiknað með öðrum gjöldum en staðgreiðsluskatti). Þeir sem eru yfir skattleysismörkum í dag þurfa að vinna í 10 klst. og 23 mínútur til að hækka ráðstöfunartekjur sínar um 10 þúsund krónur.

Samkvæmt frumvarpinu munu þeir sem hafa tekjur á bilinu 150 þúsund til 250 þúsund á mánuði þurfa að vinna í 15 klst. og 34 mínútur til þess að hækka ráðstöfunartekjur um 10 þúsund krónur ef tímakaupið er 1500 kr.

Ekki kemur fram í greinargerð með frumvarpinu hvað áætlað er að þessi breyting myndi kosta. Hægt væri að ná fram sömu tekjulækkun ríkisins með annarri útfærslu, til dæmis hliðrun skattleysismarka eingöngu, eða hliðrun skattleysismarka og hækkun á skatthlutfallinu. Þannig væri komið í veg fyrir óæskileg áhrif af óhóflegu tekjuskattshlutfalli á ákveðnu tekjubíli, sem dregur úr tekjuöflunarmöguleikum launþega með tiltölulega lágari tekjur.

Viðringarfyllst,

Greiningardeild Landsbanka Íslands
Lúðvík Elíasson